

Hafnarfjörður

Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags á reit sem nær á milli Suðurgötu og Strandgötu í Hafnarfirði



Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

Efni: Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulgs á reit sem nær á milli Suðurgötu, og Strandgötu í Hafnarfirði. Deiliskipulagssvæðið er í landi Jófríðarstaða.

Ágrip af sögu Jófríðarstaða

Jarðarinnar er fyrst getið árið 1541, en þá nefnir Gizur biskup Einarsson nafn jarðarinnar í ráðsmannsbréfi handa síra Oddi Halldórssyni.^{1,3}

Næstu heimildir um jörðina er frá 1563, en þá hafa þeir Páll Stígsson höfuðsmaður fyrir hönd danakonungs og Gísli Jónsson biskup vegna Skálholtarkirkju makaskipti á nokkrum jörðum, og konungur eignaðist Ófriðarstaði ásamt fleiri jörðum í Gullbringusýslu. Var jörðin þá metin á 10 hndr.^{2,3}

Jarðeignir konungs eru skráðar í jarðabók frá tímabilinu 1583-1616, en þar segir að landskuld af Ófriðarstöðum sé fjórar vættir af fiski og þrjú leigukúgildi fylgi jörðinni.

Árið 1639 var jörðin metin hálfu þriðja hundrað herra en árið 1563, eða 12½ hndr., og landskuld hennar var þá 150 fiskar, en það er 10 fiskum minna en landskuldin er talin í jarðaskránni frá 1583-1616. Hefur jörðin því líklega verið verið enn herra metin þá, en kúgildistalan er sú sama. Árið 1693 var dýrleiki jarðarinnar 12½ hndr., en leigukúgildin ekki nema tvö, því eitt þeirra hafði verið flutt suður að Staumi og landskuldin var 150 fiskar. Þremur árum síðar 1696 var allt við það sama.³

Jarðabók Árna Magnússaonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir um Ófriðarstaði:

Jarðardýrleiki er óviss. Jörðin er eign konungsins. Ábúandinn er Jón Jónsson. Landskuld er 75 álnir.⁴

1804 var jörðin 9 hndr og 36 álnir, og kaupir Bjarni Sívertssen þá jörðina.⁵

Jarðatal 1847 segir jörðina 12 1/3 hndr., landskuld 0.75, kúgildi tvö, og einn eigandi.

Jarðanúmer er 170.⁶

Örnefnaskrá segir að Ófriðarstaðir sé jörð í Garðahreppi fyrrum Áltaneshreppi, Árið 1885 var nafninu breytt í Jófríðastaði. Þá segir enn fremur að Kapólska trúboðið hafi eignast þetta land 1924.⁷

¹ DI X bls. 598

² DI Safn I bls. 131-2

³ Sigurður Skúlason 1933, Saga Hafnarfjarðar, bls. 54, 55

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók 1703, bls. 172-174

⁵ Sigurður Skúlason 1933 Saga Hafnarfjarðar bls. 61,54,55,

⁶ J.Johsen 1847. Jarðatal á Íslandi. bls. 92

⁷ Gísli Ólafsson, Örnefnaskrá bls.1

Fornleifar á deiliskipulagssvæðinu

Hamarsbraut 3.



Horft í norður eftir garðinum á milli Hamarsbrautar 3 og Suðurgötu 32



Horft í austur að garðbút framan við húsið Hamarsbraut 3.

Uppdráttur frá 1925-26 sem er til á Skipulags- og byggingasviði Hafnarfjarðar sýnir að Hamarsbraut 3 hefur eftir þeim uppdraetti verið Suðurgata 8.

- 1 Garðbútur.** Framan við húsið Hamarsbraut 3 að lóðamörkum að lóðinni Hamarsbraut 5, er um 4 m langur upphlaðinn garðbútur, hleðsluhæð um 1.20 m, veggjaþykkt um 0.60 m innan við hleðsluna, og trjágróður sem er í sömu hæð og efri mörk hleðslunnar. Frá veggnum nær lóðinni Hamarsbraut 5 er veggþúfur sem liggur út að götu, um 3 m langur og um 0.40 m breiður, hleðsluhæð um 0.40 m.
Gps: N: 64°03.844 V: 21°57.322
- 2 Garður.** Garðhleðsla er einnig á mörkum lóðanna Hamarsbrautar 3 að Suðurgötu 32. Garðurinn er um 16 m langur. Á um 5 m löngum kafla þar sem garðurinn liggur samhliða húsinu á Suðurgötu 32 er hleðsluhæð um 0.40 m og veggjaþykkt um 0.50-0.60 m. Þá breiðkar garðurinn og er um 1 m breiður og hleðsluhæð um 0.60 m, og grasivaxinn að ofan. Garðarnir er að öllum líkindum hluti af gördum sem legið hafa að lóðinni sem nú er Hamarsbraut 3, en uppdráttur frá 1925-26 sýnir þessar garðhleðslur. Samkvæmt Húsaskrá Bygðasafns Hafnarfjarðar er byggingarár hússins sem er á lóðinni 1907.
Gps: N: 64°03.838 V: 21°57.322

Hættumat. Garðbúturinn er ekki í beinni hættu, þar sem hann hefur verið aðlagður garðagróðri á lóðinni Hamarsbraut 3 og fengið nýtt hlutverk. Hinsvegar er garðbútur sem er frá þessum garði út að götu í hættu þegar farið verður í að ganga frá lóðamörkum út við götuna frá Hamarsbraut 3.

Garðurinn sem er á lóðamörkum Hamarsbrautar 3 og Suðurgötu 32, hefur nú það hlutverk að vera garður á milli þessara lóða. Núverandi eigandi hússins Hamarsbrautar 3 telur að garðinn eigi að varðveita, ætlar ekki að hreyfa við honum, og hefur lagað pallagerð og garðagróður eftir legu garðsins. Garðurinn er því ekki í beinni hættu.

Hamarsbraut 7, nýbygging

Í örnefnskrá segir að Hamar hafi verið stór og reisulegur bær á Hamrinum. Þá segir eftirfarandi um Hamar svo og aðra bæi í Jófríðarstaðarlandi: “Allir áttu þeir sínar lóðir Hamarslóð sem einnig nefndist Bjarnarbæjarlóð og Bjarnabær”.⁸ Á lóðinni Hamarsbraut 7 sem liggur að lóðinni Suðurgötu 38 stendur nú hús sem heitir Bjarnarbær. Samkvæmt húsaskráningu Byggðasafnsins var Bjarnarbær byggður árið 1907.

Uppdráttur frá 1925-26 sýnir garðhleðslu í kringum Bjarnarbæ og byggingu utan við norðaustur hlið garðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Skipulags- og byggingarsviði var byggt annað hús, útihús á sama stað árið 1946. Það hús stendur enn, en verður að víkja vegna fyrrgreindar nýbyggingar.

- 3 **Lega garðsins, grunnsins og útihússins** hefur verið mæld með hnitum og kortlögð af mælingamanni Framkvæmdasviðs Hafnarfjarðarbæjar, þann 18.12.2008.

Hættumat. Vegna áðurnefndar nýbyggingar fór Fornleifavernd ríkisins fram á að fornleifafræðingur fylgdist með þegar grunnur yrði tekinn að fyrirhugaðri byggingu. Fornleifafræðingur Byggðasafns Hafnarfjarðar fylgdist með þegar grunnurinn var tekinn þann 26. janúar 2009. Við þá framkvæmd komu engar fornleifar í ljós.

Hamarsbraut 17, Steinsstaðir



Horft til suðausturs að norðurhluta lóðarinnar við Hamarsbraut 17.

- 4 Árið 2005 var fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi á lóðinni Hamarsbraut 17 vegna nýbyggingar sem átti að reisa á lóðinni. Fornleifavernd ríkisins setti fram ákveðin skilyrði fyrir því að fallist yrði á nýbyggingu á lóðinni, m.a. að þær minjar sem væru á lóðinni yrðu skráðar. Þá þyrfti að gera könnunarskurði á svæðinu til að kanna umfang og eðli sýnilegra minja og ganga úr skugga um hvort eldri mannvistarleifar leyndust undir yfirborðinu. Á lóðinni voru tóftir **Steinsstaða**, steinbæ sem var á lóðinni, byggður 1887 samkvæmt upplýsingum úr Húsaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar.

⁸ Gísli Sigurðsson, Jófríðarstaðir (Ófríðarstaðir), bls. 2-3. Örnefnastofnun Gullbringusýsla, Hafnarfjörður.

Uppdráttur frá 1925-26 sem er til á Skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar sýnir garðhleðslur í kringum lóðina ásamt Steinsstaðabænum. Þá sýnir uppdrátturinn einnig byggingu sem nú er horfin, en hefur staðið norðan við núverandi hús sem stendur á lóðinni. Það hús var byggt 1930 samkvæmt Húsaskrá Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Uppmæling á görðum á lóðamörkum. Í maí 2005 mældi mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar inn upphlaðna grjótgarða sem liggja að lóðinni Hamarsbraut 17, undir umsjón Katrínar Gunnarsdóttur fornleifafræðings á vegum Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Fornleifaskráning 2005. Sumarið 2005 fór fram fornleifaskráning á svæðinu í kringum Steinsstaðabæinn á vegum Byggðasafns Skagfirðinga – gerð af Auði Blöndal og Ragnheiði Traustadóttur.

Skráðar eru þrjár fornleifar:

Steinsstaðabærinn

Útihús/Tóft

Garður

Könnunarskurðir 2005. Fornleifarannsókn Fornleifaverndar ríkisins

Uppgröftur: Hákon Jensson, Katrín Gunnarsdóttir og Kristinn Magnússon.

Teknar voru fjórar prufuholur, ein í miðju túni norðvestan við núverandi íbúðarhús (hola 1), ein út við vegg Steinsstaðabæjarins (hola 2), ein á hlið hóls sem virðist vera rúst (hola 3) og ein inni í trjálundi neðan bakka sem skiptir lóðinni, (hola 4).

Fornleifarannsóknin sem gerð var 5. til 7. júlí 2005 gefur ekki vísbendingar um að mannvistarleifar frá tímum Steinsstaðabærens eða fyrir þann tíma sé að finna undir yfirborði lóðarinnar Hamarsbraut 17. Í lóðinni fundust flöskubrot, glerbrot, brot úr leirtaui og ryðgaðir vélahlutar. Allt eru þetta leifar um búsetu manna á svæðinu á 20. öld.

Hættumat. Lóðin Hamarsbraut 17 hefur verið fornleifaskráð, og þar hafa verið grafnar prufuholur sem ekki gáfu tilefni til ýtarlegri fornleifarannsóknna. Fyrirhugað deiliskipulag ætti að miðast að varðveislu garðhleðslanna sem enn eru sýnilegar á lóðamörkum að lóðinni Hamarsbraut 17 - Strandgata 73B, Hamarsbraut 17 - Suðurgata 52, og Hamarsbraut 17 - Suðurgata 50 að lóðamörkum Suðurgötu 48, með ábyrgð húseigenda/lóðahafa beggja megin garðanna. Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagas- og byggingarsviði Hafnarfjarðar var malbikuð gata með snúningshaus við húsið 2008.

5 Uppdráttur frá 1925-26 sem er til á Skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar sýnir byggingu norðan við húsið sem var byggt 1930. Þessi bygging er horfin.

Allar framkvæmdir á lóðinni fram að þessu hafa verið undir eftirliti og fyrirsögn Fornleifaverndar ríkisins. Það sem ekki hefur komið fram til þess er að bygging, sem er horfin, hefur verið norðan við húsið sem nú stendur á lóðinni. Ef einhverjar framkvæmdir verða á viðkomandi lóð verður Byggðasafn Hafnarfjarðar að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um þá framkvæmd.

Gps: N: 64°03.801 V: 21°57.359

Hellubraut 7



Horft til suðurs að kartöflukofanum og húsunum Hellubraut 7 og 9.

- 6 Innan lóðamarka á Hellubraut 7 er upphlaðinn kartöflukofi á hamrinum fyrir ofan Strandgötu.

Uppdráttur frá 1925-26 sýnir garðhleðslu á lóðamörkum lóðarinnar út við brún hamarsins ofan við Standgötu. Í Sögu Hafnarfjarðar segir m.a. að þegar Strandgata var breikkuð 1962 var sprengt úr hamrinum fyrir götunni.⁹ - Við það hafa garðarnir horfið. Samkvæmt uppdættinum frá 1925-26 hefur húsið staðið efst á lóðinni og fyrir framan það tún og því sem næst þríhyrningslaga svæði í miðju túni, sem gæti verið matjurtagarður. Út við brún lóðarinnar út við Strandgötu er kartöflukofi. Ekki er vitað nákvæmlega um aldur á kofanum, en húsið á lóðinni er byggt 1907 samkvæmt húsaskráningu Byggisafns Hafnarfjarðar. Hugsanlegt er að kofinn hafi staðið þarna áður en húsið var byggt og að þarna hafi verið kartöflugarðar, og er kofinn hluti af því búsetulandlagi. Á uppdættum frá 1925-1926 er ekki sýnd staðsetning kofans og engar skriflegar heimildir um hann að finna.

Gps: N: 64°03.859 V: 21°57.400

Hættumat. Fyrirhugað deiliskipulag gerir ráð fyrir að lóðinni Hellubraut 7 verði skipt í tvær lóðir, og óhjákvæmilega lendir kartöflukofinn á annarri þeirra. Það gæti orðið niðurstaða lóðarhafa vegna nýbyggingar eða annarskonar jarðröskunnar á lóðinni, að kofinn þurfi að víkja. Möguleiki er líka að lóðahafi ákveði að varðveita kofann, en varla hægt að setja þær kvaðir á lóðarhafa að hann eigi að sjá um viðhald og varðveislu hans. Ef svo fer að kofinn verði að víkja skal Byggisafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

⁹ Ásgeir Guðmundsson 1984. SH.III, bls. 372

Hellubraut 9



Horft til suðurs eftir steinaröðinni.

- 7 Um 1.5 m frá suðaustur horni hússins er um 6 m langt garðlag sem liggur norður-suður.
- Garðlagið hefur verið hluti af vegstæði sem liggur um landið ofan við húsin Strandgötu 69, 71 að Standgötu 73 Hellu, ætla má að vegstæðið hafi síðan legið áfram til suðurs, en ekki er hægt að greina að svo sé, en landið er þarna umrótað vegna húsa og annara framkvæmda sem þar hafa átt sér stað.
- Á lóðinni á Hellubraut eru stórir sex stórir steinar sem marka vegastæðið. Mesta hæð er um 0.70 m, eða lægri, en tveir steinar hafa fallið. Ofan við steinaröðina eru sléttar klappir í landinu, en neðan við grasivaxið land.
- Austurhluti hússins Hellubrautar 9 er byggður 1914, samkvæmt Húsaskráningu Byggaðsafnas Hafnarfjarðar. Svo virðist sem húsið hafi verið byggt að hluta til ofan á vegstæðinu.
- Uppdráttur frá 1925-26. Mæling og uppdráttur Jón J. Víðis 1925-26 sýnir ekki vegstæðið. Ætla má því að vegstæðið sé eldra en uppdrátturinn, og ekki verið í notkun þegar hann var gerður. Og e.t.v. einungis slitrur af honum verið sýnilegar sem engum gagnaðist.

Gps: N: 64°04.134 V: 21°57.144

Hættumat: Steinaröðin austan við húsið Hellubraut 9 er hluti af vegstæðinu sem liggur á lóðunum Strandgötu 69,71 og 73. Það ætti því að leggja áherslu á að varðveita alla hluta vegslóðans og varast jarðrask við hann, þar sem það gæti valdið hruni á þeim hleðslum sem en eru heillegar.

Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Hellubraut 9 gæti steinaröðin verið í hættu, og skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Strandgata 69



Horft til austurs að vegstæðinu sem er undir veggnum.

- 8 Vegstæði liggur á austurhluta lóðarinnar Strangötu 69 þar sem lóðin liggur samna við lóðirnar Hamarsbraut 10 og 12. Vegstæðið liggur á lóðinni Hellubraut 9. Það liggur einning um Strandgötu 71 og 73 Hellu. Ætla má að vegstæðið hafi síðan legið áfram til suðurs, en ekki er hægt að greina að svo sé, en landið er þarna umrótað vegna húsa og annara framkvæmda sem þar hafa átt sér stað.

Vegstæðið liggur suðaustur-norðvestur að upphlöðnum vegg lóðanna Hamarsbrautar 10 og 12. Lengd vegstæðisins er um 12 m á lóðinni Strandgötu 69. Hleðsluhæð 0.75 m, en lækkar að lóðinni Strandgötu 71 þar sem það er um 0.60 m. Vegbreidd er um 2.5 -3 m. grasivaxinn.

Gps: N: 64°03.826 V: 21°57.407

Uppdráttur frá 1925-26. Mæling og uppdráttur Jón J. Víðis 1925-26 sýnir ekki vegstæðið. Ætla má því að vegstæðið sé eldra en uppdrátturinn, og ekki verið í notkun þegar hann var gerður. Og e.t.v. einungis slitur af honum verið sýnilegar sem engum gagnaðist.

Hættumat: Steinaröðinn sem er á Hellubraut 9 er hluti af vegstæðinu sem liggur á lóðunum Strandgötu 69, 71 og 73. Það ætti því að leggja áherslu á að varðveita alla hluta vegslóðans og varast jarðrask við hann, þar sem það gæti valdið hruni á þeim hleðslum sem en eru heillegar.

Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Strandgötu 69 gæti veghleðslan verið í hættu, og skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Strandgata 71



Horft til suðurs frá Strandgötu 69, eftir vegstæðinu að lóðamörkum Strandgötu 73.

- 9 **Vegstæði** liggur á austurhluta lóðarinnar Strangötu 71 þar sem lóðin liggur samna við lóðina Hamarsbraut 12. Vegstæðið liggur á lóðinni Hellubraut 9. Það liggur einning um Strandgötu 69 og 73 Hellu. Ætla má að vegstæðið hafi síðan legið áfram til suðurs, en ekki er hægt að greina að svo sé, en landið er þarna umrótað vegna húsa og annara framkvæmda sem þar hafa átt sér stað.

Vegstæðið liggur á suðaustur-norðvestur, undir upphlöðnum vegg lóðarinnar Hamarsbrautar 12. og hefur veggurinn verið hlaðinn yfir vegstæðið. Lengd vegstæðisins er um 2 m. og breiddinn um 2.5 m, hleðsluhæð um 0.60 m. Nokkuð hefur hrunið úr kanthleðslunni og liggja steinar út frá vegkantinum

Gps: N: 64°03.821 V: 21°57.407

Uppdráttur frá 1925-26. Mæling og uppdráttur Jón J. Víðis 1925-26 sýnir ekki vegstæðið. Ætla má því að vegstæðið sé eldra en uppdrátturinn, og ekki verið í notkun þegar hann var gerður. Og e.t.v. einungis slitrur af honum verið sýnilegar sem engum gagnaðist.

Hættumat:

Steinaröðinn sem er á Hellubraut 9 er hluti af vegstæðinu sem liggur á lóðunum Strandgötu 69,71 og 73. Það ætti því að leggja áherslu á að varðveita alla hluta vegslóðans og varast jarðrask við hann, þar sem það gæti valdið hruni á þeim hleðslum sem en eru heillegar.

Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Strandgötu 71 gæti veghleðslan verið í hættu, og skal Byggaðsafi Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Strandgata 73

10 Vegstæði:



Horft til suðurs eftir óljósu vegstæði austan við Strandgötu 73.

Mjög óljóst hægt að greina vegstæðið á norðausturhluta lóðarinnar Strandgötu 73. En á lóðinni eru klappir og stórir steinar sem skera sig úr landinu og virðist sem vegstæðið fylgi því þar til það rennur samna við landið í kring rétt austan við húsið.

Vegstæðið liggur á lóðinni Hellubraut 9. Það liggur einning um Strandgötu 69, 71 og síðan mjög óljóst hægt að fylgja því á Strandgötu 73. Ætla má að vegstæðið hafi síðan legið áfram til suðurs, en ekki er hægt að greina að svo sé, en landið er þarna umrótað vegna húsa og annara framkvæmda sem þar hafa átt sér stað.

Gps: N: 64°03.314 V: 21°57.409

11 Hleðslugarður:



Hleðslugarðurinn, horft í austur.

Á lóðamörkum Strandgötu 73 og Hamarsbrautar 12 og 14 er hleðslugarður sem liggur á lóðamörkum. Garður liggur síðan áfram að lóðamörkum Hamarsbraut 17 sem mældur var upp að mælingamanni Hafnarfjarðarbæjar. (Sjá Hamarsbraut 17). Hleðsluhæð er um 0.75 m, efribrún liggur að lóðinni Hamarsbraut 14.


Garðurinn hefur verið hreinsaður af sinu á um 7 m löngum kafla en er grasivaxinn um 10 m langur.

Gps: N: 64°03.814 V: 21°57.418

12 Tóft



Horft að tóftinni í austur.



Tóftin til vinstri, ferhyrnt rými til hægri.

Uppdráttur frá 1925-26. Mæling og uppdráttur Jón J. Víðis 1925-26 sýnir hleðslu byggingar á lóðinni Strandgata 73. Ásamt óskilgreindum hleðslum ofan við fyrr nefnda byggingu.

Hleðslan er að hluta til hlaðin út frá stórum kletti, sem myndar ferhyrnt rými. Þá er langhlið sem myndar veggbút á lóðamörkum milli Strandgötu 71 og 73. Austurhluti veggisins hefur að einhverjuleiti verið endurhlaðinn. Hleðsluhæð er um 1,20 m. Tóftin er síðan byggð utan í þennan vegg og ein hlið tóftarinnar er hlið í garðhleðslunni. Hleðslur tófarinnar hafa hrunið nokkuð en standa þó ágætlega. Hleðsluhæð um 1 m.

Gps: N:64°03.815 V: 21°57.415

Hættumat:

Vegstæði

Á lóðinni Strandgötu 73 má óljóslega sjá endan á vegstæðinu sem byrjar með steinaröð á Hellubraut 9 og liggur síðan um lóðirnar Strandgötu 69 og 71 og rennur saman við landið á lóðinni Strandgötu 73. Það ætti því að leggja áherslu á að varðveita alla hluta vegslóðans og varast jarðrask við hann, þar sem það gæti valdið hruni á þeim hleðslum sem en eru heillegar.

Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Strandgötu 73 gæti veghleðslan verið í hættu, og skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Hleðslugarður

Það sama gildir um hleðslugarðinn sem liggur á lóðamörkum Strandgötu 73 og Hamarsbrautar 12 og 14. hann gæti verið í hættu við jarðrask á lóðamörkum.

Tóft, og ferhyrnt rými.

Tóftin er á uppdrætti frá 1925-26 ásamt óljósum hleðsum. Gera má því ráð fyrir því að tóftin og hleðslan séu eldri en uppdrátturinn sýnir. Því ber að forðast jarðrask sem getur orðið til þess að hleðslur raskist.

Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Strandgötu 73 gæti veghleðslan verið í hættu, og skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Suðurgata 39



Horft til norðurs yfir lóðina frá húsinu við Suðurgötu 39.

- 13** Á lóðinni Suðurgötu 39 stendur nú hús sem byggt er 1907 samkvæmt Húsaskráningu Byggaðsafns Hafnarfjarðar. Samkvæmt hinu nýja deiliskipulagi verður lóðinni skipt í tvær byggingahæfar lóðir. Eins og lóðin er í dag er henni skipt með einhlöðnum, nokkuð grasivöxnum garði, hleðsluhæð 0.35 m, veggjaþykkt um 0.40 m. Garðhleðslan er ekki sýnd á uppdrætti frá 1925-26 í eigu Skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar, en á þeim uppdrætti er aðeins teiknuð bein lína. Ekki eru neinar heimildir um byggingar eða örnefni á þessari lóð.

Gps: N: 64°03.820 V: 21°57.290

Hættumat. Ekki eru heimildir um neinar fornleifar á lóðinni Suðurgötu 39, en ef einhverjar jarðvegsframkvæmdir verða á lóðinni skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um framkvæmdina

Suðurgata 70



Horft yfir Briemstún að bakhlið hússins við Suðurgötu 70.

- 14 Í örnefnanskrá segir m.a.: “Niður undir Hamrinum tók við Ófriðarstaðamöl og Ófriðarstaðafjara. Rétt við Hamarinn var svo Ófriðarstaðavör, og þar hjá Ófriðarstaðasjóbúð. Síðar fékk staðurinn eftirtalin nöfn, Hellumöl, Hellufjara og Hellusjóbúð. Hér í fjörunni stofnaði Júlíus V.J. Nýborg skipasmíðastöð. Hér stendur nú skipasmíðastöðin Dröfn. Ofan við mölina er sjávarmýrin og efst í henni Briemstún. Gunnlaugur E. Briem ræktaði þarna tún, þegar hann var verslunarstjóri fyrir Knudtson”.¹⁰

Briemstún er óbyggt tún sem er baklóð hússins að Suðurgötu 70 og nær niður að Strandgötu, með steiptum vegg með hliði sem snýr út að Strandgötu. Stór tré eru á lóðamörkum að lóðum að Strandgötu 78 og 85.

Ekki eru heimildir um mannvirki á lóðinni.

Gps: N: 64°03.739 V: 21°57.610

Hættumat. Briemstún er óbyggt tún sem er baklóð hússins að Suðurgötu 70, og nær niður að Strandgötu. Ekki eru heimildir um byggingar eða önnur mannvirki á lóðinni, en þar sem um óhreyft land er að ræða, skal Byggaðsafi Hafnarfjarðar að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi allt jarðrask á þessari lóð.

¹⁰ Gísli Sigurðsson, Jófriðarstaðir (Ófriðarstaðir), bls. 2-3. Örnefnastofnun Gullbringusýsla, Hafnarfjörður.

Niðurstöður

Hamarsbraut 3.

Veggjahleðsla sem enn er sýnileg er núna hluti af umhverfi hússins, og er ekki í hættu nema að jarðrask verði á lóðinni Hamarsbraut 3 eða á lóðinni Suðurgötu 32 þar sem garðurinn liggur á lóðamörkum. Hægt væri að setja það ákvæði í fyrirhugað deiliskipulag að lóðarhafar beggja megin garðsins hrófli ekki við garðinum og/eða garðbútnum nema að höfðu samráði við Byggaðsafn Hafnarfjarðar, sem mundi þá leita álits Fornleifaverndar ríkisins varðandi slíkt rask.

Hamarsbraut 7

Þar hefur verið tekinn grunnur að fyrirhugaðri byggingu, undir eftirliti fornleifafræðings. Ekki komu neinar fornleifar í ljós við uppgröft úr grunninum og ekki vísbendingar um aðrar fornleifar sem ættu að vera á lóðinni. Með fyrirvara um 14 gr. í Þjóminjalögum.

Hamarsbraut 17

Lóðin Hamarsbraut 17 hefur verið fornleifaskráð, og þar hafa verið grafnar prufuholur sem ekki gáfu tilefni til ítarlegri fornleifarannsóknar. Fyrirhugað deiliskipulag ætti að miðast við varðveislu garðhleðslanna sem enn eru sýnilegar á lóðamörkum að lóðinni Hamarsbraut 17 - Strandgata 73B, Hamarsbraut 17 - Suðurgata 52, og Hamarsbraut 17 - Suðurgata 50 að lóðamörkum Suðurgötu 48, með ábyrgð hússeigenda/lóðahafa beggja megin garðanna.

Uppdráttur frá 1925-26 sýnir byggingu norðan við húsið sem var byggt 1930. Þessi bygging er horfin. Við jarðrask á því svæði sem byggingin hefur staðið skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi þá framkvæmd.

Hellubraut 7

Fyrirhugað deiliskipulag gerir ráð fyrir að lóðinni Hellubraut 7 verði skipt í tvær lóðir, og óhjákvæmilega lendir kartöflukofinn á annarri þeirra. Ef svo fer að kofinn verði að víkja skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Hellubraut 9

Steinaröðin austan við húsið Hellubraut 9 er hluti af vegstæðinu sem liggur á lóðunum Strandgötu 69, 71 og 73. Það ætti því að leggja áherslu á að varðveita alla hluta vegslóðans og varast jarðrask við hann, þar sem það gæti valdið hruni á þeim hleðslum sem en eru heillegar. Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Hellubraut 9 gæti steinaröðin verið í hættu, og skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Strandgata 69

Steinaröðin sem er á Hellubraut 9 er hluti af vegstæðinu sem liggur á lóðunum Strandgötu 69, 71 og 73. Það ætti því að leggja áherslu á að varðveita alla hluta vegslóðans og varast jarðrask við hann, þar sem það gæti valdið hruni á þeim hleðslum sem en eru heillegar. Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Strandgötu 69 gæti veghleðslan verið í hættu, og skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Strandgata 71

Steinaröðinn sem er á Hellubraut 9 er hluti af vegstæðinu sem liggur á lóðunum Strandgötu 69, 71 og 73. Það ætti því að leggja áherslu á að varðveita alla hluta vegslóðans og varast jarðrask við hann, þar sem það gæti valdið hruni á þeim hleðslum sem en eru heillegar.

Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Strandgötu 71 gæti veghleðslan verið í hættu, og skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Strandgata 73

Ef til jarðvegsframkvæmda kæmi á lóðinni Strandgötu 73 gætu tóftarveggirnir verið í hættu ásamt hleðsluveggjum sem hlaðnir eru út frá steinklöpp ofan við tóftina. Þá má óljóslega sjá endan á vegstæðinu sem byrjar með steinaröð á Hellubraut 9 og liggur síðan um lóðirnar Strandgötu 69 og 71 og rennur saman við landið á lóðinni Strandgötu 73. Hleðslugarður sem er lóðamörkum Strandgötu 73 og Hamarsbrautar 12 og 14. gæti verið í hættu við jarðrask á lóðamörkum.

Við framkvæmda kæmir á lóðinni sem kynnu að raska vegstæðinu, hleðslugarðinum tóftinni eða hleðslum tengdum henni, og skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Suðurgata 39

Ekki er heimildir um neinar fornleifar á lóðinni Suðurgötu 39, en ef einhverjar jarðvegsframkvæmdir verða á lóðinni skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Suðurgata 70

Briemstún er óbyggt tún sem er baklóð hússins að Suðurgötu 70, og nær niður að Strandgötu.

Ekki eru neinar heimildir um byggingar eða önnur mannvirki á lóðinni, en þar sem um óhreift land er að ræða, skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi allt jarðrask á þessari lóð.

Tilvísun til Þjóðminjalaga nr. 107/2001, en þar segir m.a.:

10. gr. Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

□Fornleifavernd ríkisins hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

14. gr. Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megí hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703 Jarðabók III, Kaupmannahöfn 1943 bls. 172-174

Ásgeir Guðmundsson 1984. Saga Hafnarfjarðar. III, bls. 372

Gísli Ólafsson, Ófriðarstaðir Örnefnaskrá bls. 1, 2, 3. Örnefnastofnun Íslands

J. Johsen 1847. Jarðatal á Íslandi. bls. 92. Kaupmannahöfn 1847

Íslenzkt fornbréfasafn DI X bls. 598

Íslenzkt fornbréfasafn DI Safn I bls. 131-2

Sigurður Skúlason 1933, Saga Hafnarfjarðar, bls. 54, 55, 61

Fylgiskjöl


Loftmynd af deilsiskipulagssvæðinu með fornleifum merktum frá 1-14.
Uppdráttur frá 1925-26. Mæling og uppdráttur Jón J. Víðis 1925-26,
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir teknar 26. febrúar og 11. mars 2009, og í maí- ágúst 2010.

Ljósmyndir: Katrín Gunnarsdóttir

Forsíða: Horft til suðurs yfir vegstæði sem er ofan við húsin Strandgötu 69 og 71.





MÆLING OG UPPDRÁTTUR GERÐUR AF JÓNI VÍÐIS

mætkv. ca. 1:1000